

30. apríl 2024

Sigríður Rafnar Pétursdóttir



# Frumvarp til laga um innviði markaða fyrir fjármálagerninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni

Stjórnarráð Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið



## Þskj. 1359 – 914. mál á 154. lögb. 2023-24

2. gr.

*Lögfesting.*

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/858 frá 30. maí 2022 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni og um breytingu á reglugerðum (ESB) 600/2014 og (ESB) nr. 909/2014 og á tilskipun 2014/65/ESB, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 92 frá 20. desember 2023, bls. 160–192, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2023 frá 5. júlí 2023, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Þegar vísað er til laga þessara í lögunum er jafnframt átt við reglugerð ESB samkvæmt þessari grein.

[DFTR](#)

[ICD](#)

[\(Opni EES-  
gagnagrunnur\)](#)



# Stafrænn fjármálapakki ESB

DORA (rg/tilsk)

MiCA (rg)

DLT Pilot Regime (rg)

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 185/2023

2024/EES/26/09

frá 5. júlí 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/858 frá 30. maí 2022 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskráttækni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 909/2014 og tilskipun 2014/65/ESB (1).



### 3.1 Grundvallar tæknilegir eiginleikar

Öll þau stafrænu fyrirbæri sem fjallað er um í þessari skýrslu byggjast sem fyrr segir að einhverju eða öllu leyti á dreifðri færsluskrá (e. distributed ledger technology, DLT), skammstafað DFS.<sup>13</sup>

Dreifð færsluskrá er tækni sem felur í sér vistun upplýsinga í skrá með endurtekinni afritun upplýsinga sem staðsettar eru á ólíkum stöðum. DFS gefur notendum vald yfir öllum upplýsingum og viðskiptaferlum með gagnsæjum hætti, eyðir mótaðilahættu og getur stýtt verulega þann tíma sem viðskipti taka. DFS getur verið ýmist með eða án heimildar (e. permissioned eða permissionless). Geti hvaða þátttakandi sem er gegnt hlutverki fullgildingarhnútu (e. validating node) er talað um að skráin sé án heimildar, en geti aðeins útvaldir gegnt því hlutverki er talað um DFS með heimild.<sup>14</sup>

Bálkakeðja er tegund dreifðrar færsluskrár, ýmist með eða án heimildar,<sup>15</sup> þar sem færslur eru dulmálsritaðar inn á skár sem skipulagðar eru í bálk sem mynda keðju. Hver nýr bálkur er tengdur fyrri bálk með dulmálslykli að lokinni staðfestingu sem þarf að vera samhljóða (e. consensus). Leyst er sjálfvirkir úr öllum árekstrum (e. conflicts). Hver nýr bálkur er afritaður á öll afrit bálkakeðjunnar á netinu.

Mikilvægur ávinningur þess að styðjast við DFS er að þjónusta veitt á grundvelli hennar getur verið aðgengileg allan sólarhringinn og alla daga árið um kring. Jafnframt er talið að tæknin geti aukið skilvirkni bakvinnslu, dregið úr áhættu í greiðslumiðlun og almennt stuðlað að aukinni sjálfvirkni. Um hin ýmsu notkunarvið DFS-tækninnar er fjallað nánar í kafla 6.

[Tækifæri og áhættur á sviði  
stafrænnar fjármálaþjónustu sem  
byggist á dreifðri færsluskrá,  
skýrsla starfshóps, útg. af  
forsætisráðuneytinu \(apríl 2023\).](#)



[Seðlabanki Danmerkur](#) hefur m.a. fjallað um eðli og eiginleika dreifðrar færsluskrártækni

og [Alþjóðagreiðslubankinn](#) meðal annars sérstaklega í tengslum við uppgjör verðbréfaviðskipta og [eldri almennari umfjöllun](#) um notkun DFT í fjármálaþjónustu.





*Aðeins má skrá fjármálagerninga sem  
uppfylla eftirtalin viðmið á svonefndum  
DFT-markaðsinnviðum*

## DFT-fjármálagerningur

Fjármálagerningur sem er gefinn út, skráður, færanlegur og varðveittur á grundvelli dreifðrar færsluskrártækni.

- Einkum hlutabréf/skuldabréf/hlutdeildarskírteini
- Sem uppfylla tiltekin fjárhæðarviðmið (lögbært yfirvald getur ákveðið lægri viðmið en greinir í gerðinni)





# Í gildi er ítarlegt regluverk um viðskipti með fjármálagerninga og uppgjör þeirra

MiFIR/MiFID2

[Lög nr. 115/2021](#) um markaði fyrir fjármálagerninga

CSDR

[Lög nr. 7/2020](#) um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga

MAR

[Lög nr. 60/2021](#) um aðgerðir gegn markaðssvikum



# Í gildi er ítarlegt regluverk um viðskipti með fjármálagerninga og uppgjör þeirra



MiFIR/MiFID2

[Lög nr. 115/2021](#) um markaði fyrir fjármálagerninga

CSDR

[Lög nr. 7/2020](#) um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga

DFT-markaðsinnviðir

- DFT-markaðstorg fjármálagerninga
- DFT-uppgjörskerfi
- DFT-viðskipta- og uppgjörskerfi

MAR



1. gr.  
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að koma á tilraunaumgjörð um útgáfu fjármálagemninga á grundvelli dreifðrar færsluskrártækni og sértækra leyfa til rekstrar innviða sem taka þá til viðskipta eða annast uppgjör slíkra viðskipta, án þess að slegið sé af kröfum um vernd fjárfesta, fjármálastöðugleika og heilleika markaðarins.

5. gr.  
*Veiting sértækra leyfa og undanþágna.*

Fjármálaeftirlitið veitir og afturkallar sértæk leyfi og undanþágur til að reka innviði markaða fyrir fjármálagemninga sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni á grundvelli laga þessara, sbr. einnig lög um markaði fyrir fjármálagemninga og lög um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagemninga.



Á grundvelli fyrirhugaðra laga verður þegar starfandi aðilum á fjármálamarkaði, nánar tiltekið verðbréfafyrirtækjum, rekstraraðilum markaða og verðbréfamiðstöðvum, kleift að kanna nýtingarmöguleika og að innleiða dreifða færsluskrártækni í starfsemi sinni.

Innleiðing DFT-reglugerðarinnar mun jafnframt opna **nýjum aðilum** leið inn á sérhæfðan innviðamarkað á nýjum forsendum.

Mikilvægt er að hafa í huga að DFT-reglugerðin fjallar ekki um dreifða fjármálaþjónustu (e. decentralised finance), heldur **notkun dreifðrar færsluskrártækni í þekktu samhengi sem þegar gildir ítarlegt regluverk um.**

Útgangspunktur regluverks á sviði verðbréfamarkaðsréttar er að gera kröfur til miðlægra aðila (útgefenda, verðbréfafyrirtækja, rekstraraðila markaða og verðbréfamiðstöðva) um skipulag, stjórnun, lágmarks eigið fé o.fl. í því skyni að vernda hagsmuni viðskiptavina, fjármálastöðugleika og heilleika markaðarins. Þeim útgangspunkti haggar DFT-reglugerðin ekki.



## DFTR ◀▶ reynslutímabil/nýsköpunarverkefni

- Stuðla að því að samevrópskt regluverk mæti kröfum framtíðar:
  - „Sandkassi“ – tækifæri – nýsköpun
- Framþróun tækni fylgja tækifæri og áskoranir
  - Fylla í lagalegt tómarúm
  - Klæðskerasniðin aðlögun þegar gildandi regluverks um viðskipti með DFT-fjármálagerninga og uppgjör slíkra viðskipta (sameina aðskildar teg. fjmpj.)
- Hefðbundin markmið um vernd fjárfesta, fjármálastöðugleika og heilleika markaðarins
- Endurmat/skýrsla fyrir 24.3.2026, framlenging möguleg um 3 ár
- EES-tæk gerð, framkvæmd frestað um ár í EFTA-ríkjunum innan EES (undirbúningur)



Áformað að fela FME/SÍ eftirlitshlutverkið

- sbr. fjármálastarfsemi almennt -

og að veita sértæk leyfi og undanþágur/afturkalla

Um viðurlög vegna brota gegn ákvæðum laga nr. 115/2021 og 7/2020 fer skv. ákvæðum þeirra

ESMA ætlað almennt hlutverk, leiðbeiningar, miðlæg skrá, aðstoð, matsskýrsla, óbindandi álit til lögbærra yfirvalda

Óvíst er hvort reyni á DFTR hér á landi eða feli í sér aukin verkefni f. SÍ/FME (en stafræni fjármálapakkinn í heild krefst stöðugar þekkingaruppbyggingar, með vísan til framþróunar tækni)

- Ekki er unnt útiloka alfarið að þörf kunni að reynast á hækkun eftirlitsgjaldsins, en ekki er talið að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á ríkissjóð

*Tryggja innlendum aðilum sömu tækifæri og á meginlandinu. Óhjákvæmileg framþróun – regluverk hamli ekki nýsköpun að óþörfu – en tilraunaumgjörð.*





Takk fyrir

[sigrdur.r.petursdottir@fjr.is](mailto:sigrdur.r.petursdottir@fjr.is)